

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. mars 2018

Tilvísun: 2018020241BS/--

Persónuvernd vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 8. febrúar 2018 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og lögum nr. 2/1995 um hlutafélagaskrá (12. mál á 148. löggjafarþingi, þskj. 12).

Í frumvarpinu er lagt til að aðgangur, sem almenningur hefur þegar að upplýsingum í ársreikningaskrá og fyrirtækjaskrá, verði gerður gjaldfrjáls. Persónuvernd telur það ekki gefa tilefni til efnislegra athugasemda af sinni hálfu en minnir jafnframt á að við meðferð persónuupplýsinga ber að fara að löggjöf þar að lútandi, sbr. nú lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en meðal þess sem á gæti reynt í tengslum við öflun upplýsinga um til dæmis stjórnarmenn í félögum er notkun þeirra við gerð persónusníða í þágu markaðssetningar. Þá þykir rétt að vekja á því athygli að í tillögu 1. gr. frumvarpsins að viðbót við lög nr. 3/2006 virðist hafa verið misritað hvar eigi að fella hana inn í lögin, enda fjallar 2. mgr. 127. gr. laganna, sem tilgreind er í tillögunni, ekki um ársreikningaskrá.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Gunnar Ingi Ágústsson